



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

María Markúsdóttir
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 8. desember 2022
MÍ202210-0090/ 6.09 / S.G.

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Sjafnarnes Akureyri - umsögn um deiliskipulag

Með tölvupósti sendum 25. október 2022 óskaði María Markúsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagsbreytingu á B áfanga í Krossaneshaga. Meðfylgjandi var skipulagsuppdráttur dagsettur 21. október 2022.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið (Fornleifaskráning í Eyjafirði VII. Deiliskráning í Krossaneshaga. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson FS017-95024, Akureyri 1996) en hún uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um skráningu fornleifa og verður að uppfæra hana til að hún nýtist við skipulagsgerð. Nokkrar skráðar minjar eru á og við ofangreindan skipulagsreit.

Þann 26. febrúar 2019 ritaði fyrri minjavörður umsögn um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi í B áfanga Krossaness sjá (MÍ201902-0048/ 6.08 / R.L). Þar segir: „Fornleifaskráning er í vinnslu á skipulagssvæðinu. Taka þarf tillit til skráðra fornleifa innan marka skipulagssvæðisins og í næsta nágrenni þess við skipulagsgerðina.“

Þann 16. september 2019 kom inn til umsagnar hjá Minjastofnun breyting á aðalskipulagi (MÍ201909-0014/ 6.08 / S.G.) Þar var vísað í umsögn minjavarðar frá 26. febrúar 2019 um að fornleifaskráning væri í vinnslu á skipulagssvæðinu og er þar tilgreint að taka þurfi tillit til skráðra fornleifa innan marka skipulagssvæðisins og í næsta nágrenni þess við skipulagsgerðina, sem er í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt stendur í umsögninni:

„Ekki er að sjá af skipulagsuppdrætti að það hafi verið gert og ítrekar minjavörður mikilvægi þess að ljúka skráningu og merkja uppmældar fornleifar inná skipulagsuppdráttinn, áður en ráðist verður í frekari framkvæmdir á svæðinu. Sjá reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 3. grein þar sem

segir: “Fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt. Undir þetta falla allar byggingaframkvæmdir, auk þess sem önnur framkvæmdasvæði þar sem jarðrask er fyrirsjáanlegt geta fallið hér undir ... Fornleifaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu.”“

Í svarbréfi frá sviðsstjóra skipulagssviðs dagsettu 17. október 2019 við umsögn Minjastofnunar stendur að: „Athugasemd [Minjastofnunar] varðandi skráningu fornminja á svæðinu er vísað til vinnu við endurskoðun deiliskipulags sem er í gangi“

Minjavörður hafði samband við verkefnastjóra á skipulagssviði vegna þessa máls þar sem engin fornleifaskráning hefur borist inn til stofnunarinnar til samþykkis en samkvæmt 15. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012 telst: „Fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði ... ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands.“ Samkvæmt upplýsingum frá skipulagssviði hefur ekki enn verið ráðinn fornleifafræðingur til verksins.

Minjastofnun getur því ekki gefið efnislega umsögn um skipulagsbreytinguna þar sem skráning liggur ekki fyrir. Deiliskipulagið skal koma aftur inn til umsagnar að lokinni fornleifaskráningu sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,



Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun